

**Ed.** **320. Frumvarp til laga** **[103. mál]**  
um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er hljóða svo:

Viðskiptamálaráðherra skal heimilt að veita allt að 5 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum í hverjum hinna kaupstaðanna, sem verzlunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi, leyfi til að selja sjálfir á frjálsum uppboði málverk, myndir, listmuni og bækur, enda fari um framkvæmd á þeim uppboðum eftir ákvæðum þessarar greinar.

Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en 5 ára í senn. Leyfisgjald er 1500 krónur, er renni í rikissjóð. Eigi skulu greidd sölulaun til rikissjóðs af andvirði muna þeirra, sem þannig eru seldir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.